



Messa í D-moll,
„*Missa in Angustiis*“
NELSON-
MESSA
eftir Joseph Haydn



Seltjarnarneskirkja
26. og 28. mars 2007

Selkórinn
ásamt kammersveit og einsöngvurum

*Umsjón og hönnun tónleikaskrár: Pálína Magnúsdóttir
Hönnun kápu: Auglýsingastofa Þórhildar ehf.
Prentun: Think á Íslandi ehf.*

Tónleikar í Seltjarnarneskirkju 26. og 28. mars 2007 kl. 20:00
Selkórinn ásamt kammersveit og einsöngvurum

Efnisskrá:

H. Eccles *Tveir kaflar úr sónötu fyrir selló og pianó*
A.F. Doppler *Air valaques fyrir flautu og pianó*
Joseph Haydn *Missa in Angustiis*

Stjórnandi: **Jón Karl Einarsson**

Einsöngvarar: **Hulda Björk Garðarsdóttir** sópran
Sesselja Kristjánsdóttir mezzósópran
Jónas Guðmundsson tenór
Davíð Ólafsson bassi

Orgelleikari: **Friðrik Vignir Stefánsson**

Konsertmeistari: **Auður Hafsteinsdóttir**

Sellóleikari: **Unnur Jónsdóttir**

Flautuleikari: **Helga Svala Sigurðardóttir**

Pianóleikari: **Raúl Jiménez**

Raddbjálfari: **Puríður G. Sigurðardóttir**

Pianóleikari á æfingum: **Póra Fríða Sæmundsdóttir**



Hulda Björk Garðarsdóttir sopran lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík árið 1996 og var aðalkennari hennar Þuriður Pálsdóttir. Þá stundaði hún framhaldsnám við Hochschule der Künste í Berlín árið 1997 og síðan við Royal Academy of Music í London, og lauk þaðan einsöngvaraprófi Dip RAM með láði árið 1998.

Hún hefur tekið þátt í Masterclass hjá söngvurum eins og Kiri Te Kanawa, Barbara Bonney og Thomas Van Allen. Hulda Björk hefur sungið á óperusviði hér heima og erlendis. Þar má nefna Norsku óperuna í Oslo, Garsington Opera í Englandi og Íslensku óperuna þar sem hún var í hópi fyrstu fastráðnu söngvaranna þar í húsi.

Nýleg hlutverk hennar eru Governess í Turn of the Screw eftir Britten, Súsanna í Brúðkaupi Fígarós, Micaela í Carmen eftir Bizet og Jenufa í samnefndri óperu eftir Janacek. Hulda Björk hefur haldið fjölda einsöngstónleika víða um landið og erlendis, komið fram á ýmsum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og sungið einsöng með helstu kórum landsins. Hún hefur nú nýlega lokið við að syngja hlutverk Anne Trulove úr Flagara í framsókn eftir Stravinsky í Íslensku óperunni.



Sesselja Kristjánsdóttir mezzosópran stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi frá tónmenntakennaradeild og síðar 8. stigi frá söngdeild skólans, þar sem kennari hennar var Rut Magnússon. Þaðan hélt hún í framhaldsnám til Berlínar í Hochschule für Musik Hanns Eisler og lauk þar diplomprófi með hæstu einkunn haustið 2000. Sumarið 2001 lauk Sesselja svo eins árs framhaldsnámi frá sama skóla. Aðalkennari hennar var professor Anneliese Fried. Þá sótti hún fasta tíma hjá prófessorunum Julius Varady og Wolfram Rieger auk ljóðanámskeiða hjá Scot Weir. Sesselja hlaut Bayreuth-styrk þýsku Richard-Wagner samtakanna sumarið 2000.

Sesselja hefur komið fram sem einsöngvari á tónleikum hér heima og erlendis, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands svo og með ýmsum kórum. Meðal óperuhlutverka eru Nachbarin í Mavra, Lis í Wie werde ich reich und glücklich og Berta í Rakaranum í Sevilla við National Reisoper í Hollandi. Sesselja var fastráðin hjá Íslensku óperunni frá ágúst 2002 til 2004. Hjá Íslensku óperunni hefur Sesselja sungið hlutverk þriðju meyjar í Töfrafautunni, Rosinu í Rakaranum í Sevilla, Suzuki og Isabellu í óperutvennunni Madama Butterfly & Ítalska stúlkani í Alsír, Charlottu í Werther, Betlikerlinguna í Sweeney Todd, Cherubino í Brúðkaupi Fígarós og nú síðast titillhlutverkið í Öskubusku eftir Rossini.

